



Faghópur 3

Fundargerð 13. fundar

Fjarfundur milli Akureyrar og Reykjavíkur, 21. des. 2009, kl. 9:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir á Akureyri; Daði Már Kristófersson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð í Reykjavík.

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. **Drög að efnisyfirliti.** Kjartan dreifði efnisyfirliti að kafla faghóps 3 í aðalskýrslu, auk efnis í viðauka skýrslunnar, og gerði grein fyrir uppsetningu og megin efni. Í viðauka verður ítarlegri útlisting á kaflanum í aðalskýrslu. Rætt var nokkra þá þætti sem liggja til grundvallar mati hópsins, þ.á.m. opinbera grunngerð' (t.d. vegi, hafnir, raflínu-tengingar o.fl.), umhverfisgæði og svo kallaðan „pírringsfaktor“ heimafólks vegna framkvæmda og uppbyggingar. Þegar til alls er litið eru megin áhrifaþættir á röðun virkjunarkosta fjarlægð frá höfuðborg, líkur á orkunotkun í héraði/landshlutanum og hagkvæmni virkjunarkosta sem byggir á upplýsingum frá faghópi 4.
3. **Formannafundur.** Kjartan gerði grein fyrir umræðum á fundi formanna faghópa sem haldinn var fyrir stuttu. Þar var m.a. rætt um lagafrumvarp sem samið hefur verið um lagalega stöðu rammaáætlunar og um framhaldsvinnu áætlunarinnar. Kom m.a. fram að faghópar verða að skila niðurstöðum sínum í síðasta lagi 20. janúar.
4. **Gögn.** Þau nýju gögn sem liggja til grundvallar mati hópsins eru smám saman að berast en líkur eru á að ekki takist að byggja á nýjum landshlutareikningum sem eru í burðarliðnum.
5. **Vinnuskjal.** Hugað var að töflureikningsskjali (excel) sem er í smíðum til að nota við matið.
6. **Næsti fundur** var ákveðinn þann 8. janúar kl. 13:00. Norðanmenn munu ráða ráðum sínu á fundi milli jóla og nýárs.